

STJÓRNARTÍÐINDI A 16 – 1989

21. september 1989

507

Nr. 101

FORSETA BRÉF

um að Alþingi skuli koma saman til fundar
þriðjudaginn 10. október 1989.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Ég hef ákveðið, samkvæmt tillögu forsætisráðherra, að Alþingi skuli koma saman til fundar þriðjudaginn 10. október 1989.

Um leið og ég birti þetta, er öllum, sem setu eiga á Alþingi, boðið að koma nefndan dag til Reykjavíkur, og verður þá Alþingi sett, að lokinni guðsþjónustu í Dómkirkjunni, sem hefst kl. 13.30.

Gjört í Reykjavík, 21. september 1989.

Vigdís Finnbogadóttir.
(L. S.)

Steingrímur Hermannsson.